

**Umsögn Dögunar,  
samtaka um réttlæti, sanngirni og lýðræði,  
um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða**

**Dögun gefur kvótafrumvarpi rökstudda falleinkunn**

Dögun, samtök um réttlæti, sanngirni og lýðræði, telur kvótafrumvarp fráfarandi ríkisstjórnar hvorki standast stjórnarskrá né sanngirnireglur og kallar eftir jafnræði í fiskveiðistjórn eins og ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu 2009.

Fyrir síðustu alþingiskosningar, í apríl 2009, voru báðir ríkisstjórnarflokkarnir, Samfylking og VG, á einu máli um að fiskveiðistjórnunarkerfið væri svo ranglátt að það yrði að leggja niður í núverandi mynd og taka upp nýtt kerfi. Lofuðu báðir flokkar að taka tillit til ályktunar mannréttindanefndar SP sem átalði ójafnræði milli borgara í aðgengi að auðlindinni og að ekki gengi að úthluta henni sjálfkrafa til sömu aðila ár eftir ár. Dögun hvetur fréttamenn til þess að ganga eftir þessum lofordum.

Báðir stjórnarflokkarnir lögðu til 20 ára aðlögunarferli fyrir núverandi kvótahafa og kvótinn, sem þannig kæmi til úthlutunar, yrði leigður á almennum uppboðsmarkaði, beint af ríkinu. Báðir stjórnarflokkarnir einsettu sér að tryggja þjóðareign fiskimiðanna, bæði í raun og að lögum. Sömuleiðis átöldu báðir flokkarnir kvótaframsalið sem leitt hefur til gífurlegrar byggðaröskunar. Við þetta má bæta að eitt af 100 daga markmiðum ríkisstjórnarinnar var frjálsar handfæraveiðar.

Í nýju frumvarpi ríkisstjórnarinnar um stjórn fiskveiða nær ekkert þessara markmiða fram að ganga. Þvert á móti er núverandi kerfi fest enn frekar í sessi og jafnvel ýtt undir væntingar kvótahafa um bótarétt við breytingar síðar. Sér Dögun, samtök um réttlæti, sanngirni og lýðræði, sér því ekki fært að fjalla um einstakar greinar frumvarpsins heldur gefur því falleinkunn sem heild.

Sérstakt lagafrumvarp um arðsemistengt auðlindagjald mun ekki skila þjóðinni réttmætri auðlindarentu enda eiga rekstraraðilar hægt um vik samkvæmt ofangreindu að nýta hagnaðinn í annað og auka útgjöld og þannig er ýtt undir tilhneigingu til eyðslu í því skyni að komast undan réttmætum gjöldum í almannabágu. Rétt væri að hafa almennt auðlindagjald sem væri hlutfall af hverju veiddu fiskkíló; þannig myndi hver einasti fiskur úr íslenski efnahagslögsögu skila sínu í þjóðarbúið og allir sem veiddu stæðu jafnfætis.

Dögun skorar á ríkisstjórnina að halda þá sátt sem hún gerði við þjóðina í aðdraganda þingkosninga 2009 og í stjórnarsáttmála í kjölfarið. Þjóðin mun aldrei sættast á efni fyrirbyggjandi kvótafrumvarps.

Að öðrum kosti mun Dögun hvetja forseta Íslands til þess að synja frumvarpinu staðfestingar þannig að þjóðin skeri úr.

*Samþykkt á félagsfundi Dögunar, samtaka um réttlæti, lýðræði og sanngirni, 25. apríl 2012.*